



Hvalfjarðagöng

Unnið fyrir Samtök Sveitarfélaga á Vesturlandi

Febrúar 2007

Grétar Þór Eypórsson
Eva Heiða Önnudóttir

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst

311 Borgarnes. Sími: 433-3000
www.rannsoknamidstod.bifrost.is

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
2. Framkvæmd og úrvinnsla.....	2
3. Hvalfjarðagöng.....	3

Myndir

Mynd 1	Hversu mikið hefur þú ferðast um Vesturland til þessa? N=336	3
Mynd 2	Telur þú að tilkoma Hvalfjarðaganganna hafi fjölgað ferðum þínum til Vesturlands? N=306	3
Mynd 3	Telur þú að tilkoma Hvalfjarðaganganna hafi fjölgað ferðum þínum til Vesturlands, greint eftir aldri	4
Mynd 4	Telur þú að lækkun veggjalds í göngunum myndi fjölga ferðum þínum til Vesturlands? N=282	4
Mynd 5	Telur þú að lækkun veggjalds í Hvalfjarðagöngunum myndi fjölga ferðum þínum til Vesturlands, greint eftir aldri	5

1. Inngangur

Á haustmánuðum ársins 2006 fólu Samtök Sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst (RHB), að framkvæma rannsókn þar sem meðal annars var um hvort að höfuðborgarbúar ferðuðust meira um Vesturland með tilkomu Hvalfjarðaganganna eða hvort þeir myndu gera það, ef að veggjaldið í göngin væri lækkað.

Skýrslan er unnin af starfsmönnum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Bifröst. Höfundar eru dr. Grétar Þór Eyþórsson forstöðumaður, Eva Heiða Önnudóttir MSc. stjórn málafræðingur, Kolfinna Jóhannesdóttir viðskiptafræðingur. Hólmfríður Sveinsdóttir M.A. vann einnig við framkvæmd könnunarinnar og úrvinnslu gagna, en hvarf til annarra starfa áður en vinnu var lokið.


2. Framkvæmd og úrvinnsla

Könnunin var gerð meðal úrtaks íbúa á höfuðborgarsvæðinu á aldrinum 20 – 70 ára. Um var að ræða póstkönnun sem var framkvæmd á tímabilinu 14. september til 30. nóvember 2006. Tekið var 1500 manna tilviljanaúrtak úr þjóðskrá meðal íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Fyrst var eintak af spurninga-istanum sent út, loks áminningarbréf, þá nýtt eintak af listanum ásamt áminningarbréfi.

Ekki fundust heimilisföng hjá 51 og endanlegt úrtak því 1449. Alls bárust 342 svör af höfuðborgarsvæðinu, svarhlutfall var því 23,5%.


3. Hvalfjarðagöng

Fyrst var spurt hversu mikið svarendur ferðuðust að jafnaði um Vesturland. Í framhaldi af því voru þeir spurðir hvort að þeir teldu að tilkoma Hvalfjarðaganganna hefði fjölgað ferðum þeirra til Vesturlands og að lokum hvort að lækkun veggjalds myndi fjölga ferðum til Vesturlands enn frekar. Þessar tvær spurningar voru greindar eftir aldri svarenda. Gögnin voru vigtuð eftir aldri, þannig að aldurskipting er í samræmi við aldurskiptingu íbúa á þessum svæðum samkvæmt mannfjöldatölum frá Hagstofunni á 1. nóvember 2006. Notað var marktektarprófið *kíkvaðrat* og eru niðurstöður marktektarprófsins settar fram við hverja mynd í fótnótu, þar sem * merkir að 90% vissa að það sé munur, ** að það sé 95% vissa og *** að það sé 99% vissa. Við hverja mynd eru sett fram fjöldi svara í myndatexta; N=fjöldi svara.




Mynd 1 Hversu mikið hefur þú ferðast um Vesturland til þessa? N=336

Á mynd 1 má sjá að tæplega 65% aðspurðra sögðust hafa ferðast frekar eða mjög mikið á Vesturlandi til þessa. Þegar svarendur voru spurðir hvort að tilkoma Hvalfjarðaganganna hefði fjölgað ferðum þeirra til Vesturlands, voru 68,0% sammála því að svo hefði verið (sjá mynd 2).




Mynd 2 Telur þú að tilkoma Hvalfjarðaganganna hafi fjölgað ferðum þínum til Vesturlands? N=306

Þegar það var greint eftir aldri, hvort að ferðum hefði fjölgað, voru yngri svarendur því frekar á því að þeim hefði fjölgað með tilkomu ganganna, samanborið við eldri svarendur (sjá mynd 3). Af þeim sem voru 20-35 ára voru tæp 80% á því að ferðunum hefði fjölgað, samanborið við tæp 70% þeirra sem voru 36-55 ára og 57,7% þeirra sem voru 56-70 ára. Þegar þeir voru skoðaðir sem segja að ferðum hafi ekki fjölgað, snýst aldurssambandið við, þ.e. þeir sem eru eldri neita því frekar að ferðum á Vesturland hafi fjölgað með tilkomu Hvalfjarðarganganna, samanborið við yngri aldurshópa.



Mynd 3 Telur þú að tilkoma Hvalfjarðarganganna hafi fjölgað ferðum þínum til Vesturlands, greint eftir aldri¹




Mynd 4 Telur þú að lækkun veggjalds í göngunum myndi fjölga ferðum þínum til Vesturlands? N=282

Þegar svarendur voru svo aftur spurðir hvort að þeir teldu að lækkun veggjalds í Hvalfjarðargöngin myndi fjölga ferðum til Vesturlands, voru það tæp 60% sem töldu að svo væri, þ.e. að þeir myndu fjölga ferðum sínum til Vesturlands (sjá mynd 4). Þegar þetta var skoðað eftir aldri, sést að þeir sem

¹ $\chi^2(2) 8,61 p < 0,05$

voru yngri, voru líklegri til að segja að lækkun veggjalds myndi fjölga ferðum til Vesturlands samanborið við þá sem voru eldri (sjá mynd 5). Af þeim sem voru á aldrinum 20-35 ára sögðu 76,0% að ferðum myndi fjölga við lækkun veggjalds en 48,6% þeirra sem voru 36-55 ára og 60,4% þeirra sem voru 56-70 ára.



Mynd 5 Telur þú að lækkun veggjalds í Hvalfjarðagöngunum myndi fjölga ferðum þínum til Vesturlands, greint eftir aldri²

Það er ljóst að þessu að það var helst yngra fólk sem taldi að tilkoma Hvalfjarðaganganna hafi aukið ferðir þeirra um Vesturland, og eins sá aldurshópur sem taldi að lækkun veggjalds í göngin myndi enn fremur auka ferðir þeirra um landssvæðið.

² *** χ^2 (2) 16,67 $p < 0,01$